

# ORKUSJÓÐUR AUGLÝSIR

## styrki til uppbyggingar á innviðum fyrir rafbíla

Á fjárlögum 2016 er á fjárlagalið 04-599, 1.23, tímabundin fjárheimild að fjárhæð kr. 67 m.kr. á ári, í þrjú ár, fyrir verkefnið „Rafbílar – átak í innviðum“. Verkefnið er hluti af sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum sem samþykkt var af ríkisstjórn í nóvember 2015 og sett var fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21). Er verkefnið eitt af átta verkefnum í sóknaráætluninni sem miða að samdrætti í nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Í samþykkt fjárlaga 2016, á framangreindum fjárlagalið, kemur fram að **„verkefnið Rafbílar – átak í innviðum, miðar að því að gert verði átak í að efla innviði fyrir rafbíla á landsvísu á komandi árum. Talið er rétt að ríkisvaldið styrki tímabundið átak til að byggja upp innviði fyrir rafbíla þannig að hægt sé að tryggja aðgengi sem flestra landsmanna að loftslagsvænum samgöngumáta“**.

Orkusjóði hefur, í samræmi við 8. gr. laga nr. 87/2003 um Orkustofnun, verið falið að sjá um úthlutun styrkja til átaksverkefnisins og auglýsir sjóðurinn hér með eftir styrkumsóknum til uppbyggingar á innviðum fyrir hleðslu rafbíla.

Við úthlutun styrkja verður sérstök áhersla lögð á:

- *Að verkefnið auki aðgengi sem flestra landsmanna að innviðum fyrir hleðslu rafbíla á landsvísu. Sérstaklega skal þar horft til aðgengis að innviðum á s.k. vinnusóknarsvæðum.*
- *Að rekstur þeirra innviða sem umsókn snýr að verði tryggður í a.m.k. 3 ár.*
- *Hvernig staðið verði að upplýsingagjöf til neytenda og opinberra aðila.*

Til úthlutunar í átaksverkefninu eru 67 m.kr. á ári á þriggja ára tímabili. Hægt er að sækja um verkefni sem eru til eins, tveggja eða þriggja ára. Eingöngu eru veittir fjárfestingarstyrkir og geta styrkir hæst numið 50% af áætluðum kostnaði verkefnis, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 185/2016. Hámarksupphæð styrks fyrir hvert verkefni er 30 m.kr. á ári. Lágmarksupphæð styrks fyrir hvert verkefni er 2 m.kr. á ári.

Um úthlutun styrkja og málsmeðferð fer samkvæmt reglugerð nr. 185/2016, um Orkusjóð.

**Umsóknarfrestur er til 1. október 2016.**

Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri, í síma 569 6083. Netfang Orkusjóðs er [jbj@os.is](mailto:jbj@os.is).

